



# ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2021.

**ÍSLANDSMÓT UNGLINGA Í BORÐTENNIS** fer fram í TBR Íþróttahúsinu við Gnoðarvog helgina 8.-9.maí 2021. Mótið hefst á laugardeginum kl. 11:00 og lýkur með verðlaunaafhendingu fyrir alla flokka eftir úrslitaleiki á sunnudeginum um kl. 14:30. Keppt verður í Tvenndarkeppni, tvíliðaleik drengja og stúlkna í einliðaleik drengja og stúlkna.

## **Dagskrá laugardaginn 8. maí:**

### **Tvenndarkeppni:**

- Kl. 11:00 Tvenndarkeppni -13 ára og yngri, fædd 2008 og síðar.
- Kl. 11:00 Tvenndarkeppni 14-15 ára, fædd 2006-2007.
- Kl. 14:30 Tvenndarkeppni 16-18 ára, fædd 2003-2005.

### **Einliðaleikur fram að undanúrslitum:**

- Kl. 11:00 Einliðal. hnokka 11 ára og yngri, fæddir 2010 og síðar.
- Kl. 11:00 Einliðal. táta 11 ára og yngri, fæddar 2010 og síðar.
- Kl. 12:00 Einliðaleikur pilta 12-13 ára, fæddir 2008-2009.
- Kl. 12:00 Einliðaleikur telpna 12-13 ára, fæddar 2008-2009.
- Kl. 13:00 Einliðaleikur sveina 14-15 ára, fæddir 2006-2007.
- Kl. 13:00 Einliðaleikur meyja 14-15 ára, fæddar 2006-2007.
- Kl. 14:00 Einliðaleikur drengja 16-18 ára, fæddir 2003-2005.
- Kl. 14:00 Einliðaleikur stúlkna 16-18 ára, fæddar 2003-2005.

## **Fyrirkomulag keppni:**

Keppt verður í riðlum í einliðaleik og síðan leikið upp úr riðlum með einföldum útslætti. Í tvíliðaleik og tvenndarkeppni er leikið með einföldum útslætti skv. reglugerð um Íslandsmót. Þrjár unnar lotur þarf til að vinna leik. Leikið verður með þriggja stjörnu kúlum.

Farið verður eftir nýjasta styrkleikaleista BTÍ við röðun í mótið.

Verðlaun verða veitt fyrir fjögur efstu sætin í öllum flokkum. Keppendum og áhorfendum er eindregið bent á reglur BTÍ vegna Covid-19 faraldursins.

**Páttökugjöld og skráning:**

Páttökugjald er 2.500 kr í einliðaleik og 2.000 kr fyrir parið í tvíliðaleik og tvenndarkeppni (1.000 kr á mann).

**Skrá skal keppendur á þar til gerðu skráningarfomi með því að smella hér.**

*Skráningar á Íslandsmótið sem féll niður í mars gilda ekki á nýja leikhelgi og því mikilvægt að allir sem ætla að keppa á Íslandsmótinu skrái sig í síðasta lagi 5. maí*

Hægt er að greiða fyrir keppni með millifærslu á reikning Borðtennisdeildar Víkings: Kennitala 6603850379, reikningsnúmer: 0525-26-3693.

Dregið verður í mótið á skrifstofu BTÍ fimmtudaginn 6. maí kl. 18:15.

Samkvæmt keppnisreglum mega erlendir ríkisborgararleika keppa á Íslandsmóti enda hafa þeir verið búsettir og átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár þegar mót fer fram. Viðkomandi einstaklingur verður að vera í félagi innan BTÍ.

Landsdómarar eru hvattir að gefa sig fram við mótsstjórn til að falast eftir dómarastarf á mótinu og mun BTÍ greiða landsdómurum kr. 500 fyrir hvern leik sem þeir dæma á mótinu.

**Yfirdómari: Árni Siemsen.**

Mótshaldari: Borðtennisdeild Víkings.

Mótstjórn skipa: Pétur Ó. Stephensen, Ársæll Aðalsteinsson, Jóhann Bjarnason, Nevena Tasic.

**Dagskrá sunnudaginn 9. maí:****Tvíliðaleikur:**

- Kl. 10:00 Tvíliðal. pílta 13 ára og yngri, fæddir 2008 og síðar.
- Kl. 10:00 Tvíliðal. telpna 13 ára og yngri, fæddar 2008 og síðar.
- Kl. 10:00 Tvíliðaleikur sveina 14-15 ára, fæddir 2006-2007.
- Kl. 10:00 Tvíliðaleikur meyja 14-15 ára, fæddar 2006-2007.
- Kl. 11:00 Tvíliðaleikur drengja 16-18 ára, fæddir 2003-2005.
- Kl. 11:00 Tvíliðaleikur stúlkna 16-18 ára, fæddar 2003-2005.

**Einliðaleikur –undanúrslit og úrslit:**

- Kl. 12:30 Einliðal. hnokka 11 ára og yngri, fæddir 2010 og síðar.
- Kl. 12:30 Einliðal. táta 11 ára og yngri, fæddar 2010 og síðar.
- Kl. 13:00 Einliðaleikur pílta 12-13 ára, fæddir 2008-2009.
- Kl. 13:00 Einliðaleikur telpna 12-13 ára, fæddar 2008-2009.
- Kl. 13:00 Einliðaleikur sveina 14-15 ára, fæddir 2006-2007.
- Kl. 13:00 Einliðaleikur meyja 14-15 ára, fæddar 2006-2007.
- Kl. 13:30 Einliðaleikur drengja 16-18 ára, fæddir 2003-2005.
- Kl. 14:00 Einliðaleikur stúlkna 16-18 ára, fæddar 2003-2005.

F.h. Borðtennisdeildar Víkings

Pétur Ó. Stephensen